



Reykjavík, 12.10. 2017.

Helgi Hrafnsson  
Atlantsolía ehf.  
Lónsbraut 2  
220 Hafnarfjörður

**Rannsókn á olíumengun í vatnssýnum frá Atlantsolú ehf.**  
**RLE 173326**

Tvö vatnssýni í fylltum 1 líters flöskum, bárust til rannsóknar 12.10.2017. Óskað var eftir greiningu á olíuefnum í sýnum. Sýnin voru merkt Skilja 1 nær og Skilja 2 fjær.

Sýnin voru úrhlutuð með hexani p.a. (Merck, Þýskalandi) og var lausn af brómóbenseni notuð sem innri staðall. Staðlar voru útbúnir með því að blanda olíuefnum í afjónað vatn og meðhöndla á sama hátt og sýnin. 1 µl af hexan-fasanum var síðan greindur í gasgreini (Agilent 5890, súla DB-1, 15 m) með loga-skynjara og sýnin og staðlar borin saman. Greiningarmörk aðferðarinnar eru við u.p.b. 0,5 ppm fyrir léttari olíuefni eins og bensín og díselolíu, en um 2 ppm fyrir þyngri olíur eins og smurolíur. Óvissa magngreiningar er nokkur þar sem olíuleifar í vatnssýnum eru oft niðurbrotnar eða inngufaðar og því ekki með sömu samsetningu og staðlar sem þær eru miðaðar við. Óvissan er skv. áætlun ekki minni en 20%.

Niðurstaða greiningarinnar er sýnd í töflu hér fyrir neðan í mg/kg (ppm).

sýni	Bensínleifar	Díselolíuleifar	Heildarmagn olíu
Skilja 1 nær	2,5	0,60	3,1
Skilja 2 fjær	6,4	0,70	7,1

F.h. Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði,

Kristín Ólafsdóttir, deildarstjóri /AVE